

L Ö G

43

um breyting á lögum nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun síldarbræðsluverksmiðju
á Norðurlandi o. fl.

28. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 15 25. jan. 1934 skal orða svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., heimilast ríkisstjórn-
inni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, annaðhvort í krónum eða sterlingspund-
um, allt að 1 milljón króna eða 45000 sterlingspundum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

44

um löggilding verzlunarstaða.

28. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð og Höfnum í Finnafirði skulu vera löggiltir
verzlunarstaðir.